

Sp. 266. Tillaga til þingsályktunar [157. mál]

um deildaskiptingu Skipaútgerðar ríkisins.

Flm.: Helgi F. Seljan, Kjartan Ólafsson.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar, að í þeirri endurskipulagningu á starfsemi og rekstri Skipaútgerðar ríkisins, sem fyrirhuguð er, verði að því stefnt að fyrirtækinu verði skipt í tvær deildir: Austurlands- og Vestfjarðadeild með aðsetri á Reyðarfirði og Ísafirði. Skal um þetta atriði tekið mið af tillögum stofnananefndar frá árinu 1975 og frumvarp hér að lútandi lagt fram þegar á næsta þingi.

Greinargerð.

Tillaga þessa efnis hefur áður verið flutt á Alþingi, en varð þá eigi útrædd. Meðflutningsmaður fyrri flutningsmanns var þá Karvel Pálmason. Á síðasta þingi var hins vegar samþykkt tillaga um almennan stuðning við alhliða uppbyggingu og eflingu Skipaútgerðar ríkisins, svo sem framkvæmdastjóri hennar er uppi með áætlanir um, og byggist fyrst og fremst á endurnýjun skipakosts útgerðarinnar og gerbreyttum afgreiðsluháttum.

Með framkvæmd þessara áætlana, sem Alþingi hefur lýst stuðningi við, ætti að vera tryggilega fyrir því séð, að þjónustan við landsbyggðina í heild stórbatni, en á því hefur lengi verið hin brýnasta þörf, svo sem óskir og samþykktir landsbyggðarfólks bera gleggst vitni.

Átak í þessa átt, heildarendurskipulagning starfseminnar, hlýtur að verða mikilvægt skref í þágu aðstöðujöfnunar fyrir íbúa landsbyggðarinnar. Bætt aðstaða, aukin hagræðing, þýðir betri og öruggari vörudreifingu og afleiðingin af því verður minni flutningskostnaður, lægra vöruverð. Það hlýtur að vera aðalatriðið í kjölfar hinnar bættu þjónustu.

Hins vegar vilja flm. að með í þessari endurskipulagningu verði tekinn sá kostur, sem þessi tillaga lýtur að. Flutningur þessarar starfsemi, jafnt sem miðstöðva fyrir hana, sem og að því er tekur til heimahafnar skipanna tveggja, er mjög veigamikil atriði fyrir viðkomandi staði. Hér er um aðalhafnir þeirra tveggja landshluta að ræða, sem við erfiðasta og dýrasta flutninga búa og um leið við hæst vöruverð, svo sem nýleg könnun leiddi glögglega í ljós. Aðsetur hinna tveggja deilda á þessum stöðum gætu tvímælalaust haft jákvæð áhrif einnig á rekstur Skipaútgerðar ríkisins til hagsbóta fyrir landsbyggð alla.

Það er einnig ótvíræð skoðun flm., að auk þeirrar þýðingar, sem þessi skipan hefur fyrir viðkomandi byggðarlög og landshluta, sé margvíslegt hagræði að aukinni hlutdeild þeirra aðila í rekstrinum, sem þjónustunnar eiga að njóta, til viðbótar við þá búsetuþýðingu, sem þessi skipan hlýtur að hafa í för með sér.

Flm. gera sér ýmsa annmarka vel ljósa, en flutningur stofnana út á land, deilda- og útibúaskipting verður aldrei framkvæmd, ef annmarkar eru látnir sitja í fyrir-rúmi. Þjóðhagsleg þýðing slíks stofnanaflutnings er svo ótvíræð, að ekki þarf að víkja nánar að því í greinargerð, en fordæmi granna okkar á Norðurlöndum eru þar gleggst til vitnisburðar.

Ef rétt er að málum staðið efast flutningsmenn ekki um þjóðhagslega jafnt sem byggðalega hagkvæmni af þessari skipan, svo sem nánar verður greint frá í framsögu.

Höfuðrök sín sækja flm. hins vegar í einróma álit stofnananefndar frá árinu 1975 um deildaskiptingu Skipaútgerðar ríkisins, en þar segir svo orðrétt:

„Skipaútgerð ríkisins skiptist í strandferðadeild, landhelgisgæsludeild og harrannsókn- og fiskirannsóknadeild; tvær síðarnefndu deildirnar annast skipakost viðkomandi stofnana og tengjast því fyrst og fremst starfsemi þeirra. Nefndin fjallar þess vegna hér fyrst og fremst um strandferðadeild sem aðallega fæst við vöruflutninga til og frá landsbyggðinni, einkum Vestfjörðum og Austfjörðum. Starfsemi Skipaútgerðar ríkisins hefur dregist mjög saman á síðari árum og þjónar stofnunin nú aðallega þessum tveimur landshlutum. Þar eð þessi tegund starfseminnar er einkum hagsmunamál tveggja landshluta leggur nefndin til að strandferðadeild verði skipt í tvo hluta, Vestfjarðadeild og Austfjarðadeild, sem fái aðsetur á Ísafjarðarsvæði og Austfjarðasvæði. Deildirnar fái hvor fyrir sig ákveðin skip til umráða sem annist flutninga innan þessara landshluta og við aðra landshluta, einkum Reykjavík og Akureyri. Deildum verði veitt verulegt sjálfstæði við rekstur skipanna. Í Reykjavík verði áfram afgreiðsla og vörugeymsluhús. Nefndin telur eðlilegt að sú starfsemi, sem einkum á að þjóna ákveðnum landshlutum, hafi aðsetur í þeim. Nefndin leggur jafnframt til að aðrir þættir í starfsemi stofnunarinnar hafi óbreyttan aðsetursstað. Gera má ráð fyrir að við skiptingu strandferðadeildar muni auk áhafna skipanna 5—10 menn fylgja hvorri deild, Vestfjarðadeild og Austfjarðadeild. Nefndin telur að slíkur flutningur muni færa stjórn flutninganna nær hagsmunum viðkomandi landshluta og þannig hafa fjölþætt áhrif á viðgang margvíslegrar starfsemi á þessum svæðum. Kostnaður við slíkar breytingar væri einkum fólgin í útvegum skrifstofuhúsnæðis. Á móti kæmi minni þörf stofnunarinnar fyrir slíkt húsnæði á höfuðborgarsvæðinu.“

Á það má benda, að einn þeirra nefndarmanna, er að þessu álitu standa, er núverandi forstöðumaður byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, Bjarni Einarsson, en mjög væri eðlilegt að fela byggðadeildinni að vinna að þessu verkefni ásamt viðkomandi ráðuneyti og stofnuninni sjálfri.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.